

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandi Guðmundur kaupmaður Jónson á Búðum í Fáskrúðsfirði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu synjar fyrir það með eidi, að hann hafi ráðið stefnda Einar Vigfússon bakara samastadar ársmanntil sín frá 1. maí 1900 til 1. maí 1901 fyrir 450 króna kaup og með ókeypiss húsnæði, þá skal hann vera sýkn af kærum og kröfum stefnda í máli þessu, og fellur þá málskostnaður fyrir yfirdómi niður. En vinni áfrýjandi eigi svofeldan eið, greiði hann stefnda fyrir samningsrof 510 krónur og í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur. Áfrýjandi greiði stefnda, hvernig sem málalok verða, málskostnað í héraði með 25 krónum og í sekt til lands-sjóds 4 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. septembermánaðar.

Nr. 23/1902:

Helgi Eiríksson

gegn

prófasti Jóhanni L. Sveinbjarnarsyni.

D ó m u r:

Mál þetta kom fyrir yfirdóminum samkvæmt stefnunni l. þ. m. og mætti þá í yfirdóminum

málsfærslumaður áfrýjanda og óskaði frests til næsta réttardags, til að semja sóknarskjal í málinu, og samþykkti mótparturinn þann frest, en af hans hendi mætti yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason sem skipaður talsmaður samkvæmt gjafsóknarleyfisbréfi landshöfðingjans dags. 1. þ. m., er heimilaði stefnda gjafvörn í málinu og ókeypis málsfærslu. Hinn 8. þ. m. var málið aftur tekið fyrir í yfirdóminum, en málsfærslumaður áfrýjanda lýsti því þá yfir, að áfrýjandi hætti við málið. Hinn skipaði talsmaður stefnda krafðist þá kosts og tæringar hjá áfrýjanda.

Mál þetta á, samkvæmt þessu, að vera hafð, og ber að taka kröfu hins skipaða málsfærslumanns um kost og tæring til greina, og dæma áfrýjanda til að greiða honum í nefndu skyni 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Mál þetta er hafð. Áfrýjandinn Helgi Eiríksson greiði hinum skipaða málsfærslumanni stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni, í kost og tæring 6 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.